

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Ársfundur B.S. bs. haldinn fimmtudaginn 11. maí 2017

kl. 16:00 í fundarsal B.S. í Sandgerði .

Mætt úr stjórn voru: Friðjón Einarsson, Gísli Heiðarsson, Sigrún Árnadóttir, Jóhann S. Sigurbergsson, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri og Ingþór Guðmundsson varamaður Voga. Birgir Örn Ólafsson boðaði forföll.

Aðrir: Kjartan Már Kjartansson , Sigurjón Hafsteinsson frá Reykjanesbæ, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Ólafur Þór Ólafsson frá Sandgerðisbæ, Ásgeir Eiríksson frá Sveitarfélaginu Vogar, , Berglind Kristinsdóttir frá Sambandi Sveitarfélaga á Suðurnesjum, Þorleifur Björnsson frá Glóru ehf. og Rúnar Dór Daníelsson frá Deloitte ehf.

Fundargerð.

Formaður B.S. bs. Friðjón Einarsson setti fundinn. Óskaði hann eftir leyfi fundarins til að sjá sjálfur um fundarstjórn og að Sigurður Skarphéðinsson yrði ritari fundarins. *Samþykkt.*

Mál:

1. Skýrsla stjórnar.
 - Friðjón Einarsson bauð fólk velkomið á ársfund BS bs. og fór síðan yfir störf stjórnar frá síðasta ársfund.
 - Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri fer yfir skýrslu slökkviliðstjóra um störf liðsins og skipulag, eldvarnaeftirlit og framkvæmd þess, auk þess að fara yfir búnað og tæki slökkviliðssins. Einnig fer hann yfir þá gleðilegu staðreynd að vinna er hafin við að láta byggja nýja slökkistöð í Reykjanesbæ. Síðan fer hann yfir íbúapróun og aldursbreytingu íbúa sem hefur orðið á starfssvæði Brunavarna Suðurnesja frá árinu 2002 og til 2016, bæði er varðar stækkun íbúabyggðar, iðnaðarsvæða og ekki síst þá öru þróun sem er í gangi við Flugstöð L.E. og Keflavíkurflugvöll.
 - Rúnar frá Deloitte fer yfir ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2016 og útskýrir stöðuna og reikningskilaaðferðir.
 - Þorleifur Björnsson frá Glóru ehf. fór yfir og skýrði út teikningar af fyrirhugaðri slökkvistöð við Flugvelli 29 í Reykjanesbæ. Svaraði hann svo fyrirspurnum fundarmanna varðandi þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar hönnunarinnar.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

- Friðjón fór yfir þá vinnu sem hefur verið í gangi varðandi byggingaráform nýrrar slökkvistöðvar og í hvaða ferli það er. Einnig fór hann yfir samstarfið sem hefur verið með Glóru ehf. en það hefur verið mjög gott.
- Önnur mál.
- Fundarstjóri bauð fólki að taka til máls.
- Sigurjón Hafsteinsson tók til máls og þakkaði fyrir tækifærið til að koma á fundinn þar sem hann sé fyrrum stjórnamaður og hafi mikinn áhuga á málefnum BS bs. Spyr hann svo Friðjón hvort farið verði í byggingu nýrrar slökkvistöðvar ef tilboð í byggingu hennar verða langt yfir áætlanir.
- Friðjón svarar því til að það verði ekki gert og þá verði það verk stjórnar að leysa það mál.
- Ólafur Þór Ólafsson frá Sandgerði tók til máls og lýsti yfir ánægju með að utanumhald BS bs. sé í góðu lagi og að sú ákvörðun að stofna byggðasamlagið sé greinilega að skila sér í góðu starfi stjórnar og stjórnenda BS bs.
- Hólmfríður tók til máls og hvatti stjórnarmenn til að hvika hvergi í áformum um nýja slökkvistöð þar sem það væri löngu tímabært að koma slökkviliðinu í betra húsnaði, bæði starfseminni og starfsmönnum til góða, því núverandi húsnaði stæði starfseminni fyrir þrifum.
- Fundarstjóri bauð fólki að fá sér veitingar og sleit fundi.

Fundi slitið kl. 17:40

Fundarritari: Sigurður Skarphéðinsson.